

Stjórnarfundur BÍS

3. stjórnarfundur BÍS árið 2024. Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 13. feb frá 20:15-22:15 í Hraunbæ 123.

Boðuð á fundinn voru stjórn BÍS, áheyrnarfulltrúi ungmenna, framkvæmdastjóri BÍS, fulltrúi Grænna skáta.

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Mætt á fund: Harpa Ósk, Guðrún, Vigdís, Unnur Líf, Ragnar Þór

Forföll boða: Sævar Skaptason, Huldar Hlynsón, Þórhallur Helgason

Dagskrá:

Kynning á stefnumótunarvinnu Grænna skáta

- Framkvæmdastjóri Grænna skáta fer yfir stefnumótunarvinnu og umræður.

Starfsráð, vinnulag og verkefnaálag (Unnur)

- Rætt um forgangsröðun verkefna starfsráðs.

Starfsáætlun BÍS til umræðu og samþykktar (Unnur)

- Rædd og vísað til næsta fundar.

Önnur mál

- Fylgiskjal vegna WSJ 2023 fjármálabókunnar samþykkt af stjórn í tölvupósti.
- Stjórn vann dagskrárvinna vegna skátaþings 2024

Viðburðir og verkefni fram undan:

Dags	Hvað	Fyrir
13.feb	Stjórnarfundur	
27.feb	Stjórnarfundur	

F Y L G I S K J A L

WSJ 2023

Þetta fylgiskjal snýr að bókun á umsýslukostnaði vegna vinnu starfsmanna skrifstofu BÍS, fjármálastjóra, framkvæmdastjóra og skátahöfðingja vegna Alheimsmóts skáta í Suður Kóreu (WSJ23) sem haldið var dagana 1. til 12. ágúst 2023 og þess aukna viðbragðs og kostnaðar sem varð að viðhafa vegna raunverulegrar vinnu og áfallsins vegna hitabylgju og fellibyls sem höfðu áhrif veruleg á mótið. Samkvæmt útreikningum var launakostnaður vegna starfsfólks BÍS 5,6 milljónir króna 31.12.2023.

Þar sem BÍS er ábyrgðaraðili telur framkvæmdastjóri það eðlilegt að það falli til auka kostnaður og verður vegna þessa ekki gert ráð fyrir fullri greiðslu til BÍS.

Er þessi launakostnaður samtals kr. 4.935.00 – og skal hann bókast til gjalda hjá WSJ23 á reikningsárinu 2023 og til lækkunar á launakostnaði starfsmanna BÍS árið 2023 samkvæmt ákvörðun stjórnar BÍS.